

8. Skóreimar.
9. Borðar.
10. Teygjur.
11. Nýjar umbúðir, seldar sem slíkar.
12. Bogglasnæri og baggabönd, reimar, kaðlar og taugar sem ekki falla undir 39. tölulið í viðauka III.<sup>1)</sup>
13. Borðmottur o.þ.h.
14. Vasaklútar.
15. Hárnet.
16. Hálstau og slaufur fyrir börn.
17. Smekkir, þvottapokar og andlitsþurrkur.
18. Garn til sauma, viðgerða og útsaums selt í smásölu í litlu magni, (1 gramm eða minna).
19. Bönd fyrir gluggatjöld, rimlatjöld o.þ.h.

1) Þegar um ræðir framleiðsluvörur sem falla undir lið þennan og seldar eru afskornar í lengjum skal sameiginleg vörumerking vera sú sama og á rúllunni. Telja skal kaðla og taugar til notkunar í fjallaklifri og siglingaþróttum til kaðla og tauga sem falla undir lið þennan.

## AUGLÝSING

### um álagningarstofn fasteignaskatts 1999.

#### 1. gr.

Fasteignamat ríkisins hefur í samræmi við II., sbr. I. kafla laga nr. 4/1995, sbr. lög nr. 122/1996 um breyting á þeim, reiknað álagningarstofn fasteignaskatts fyrir hverja einstaka fasteign í landinu.

#### 2. gr.

Fjármálaráðuneytið hefur staðfest skrá um álagningarstofn fasteignaskatts fyrir landið allt eins og hann er ákveðinn með ofangreindum hætti. Skráin er hluti af fasteignaskrá þeirri sem ráðuneytið staðfesti hinn 25. nóvember sl. og mun liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send tilkynning um álagningarstofninn með tilkynningu um fasteignamat, sbr. auglýsingu nr. 676/1998 um nýtt fasteignamat.

#### 3. gr.

Með vísan til laga nr. 4/1995 tilkynnir ráðuneytið hér með, að álagningarstofn fasteignaskatts eins og hann er ákveðinn með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins tekur gildi frá og með 1. janúar 1999 og fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 670 2. desember 1997.

*Fjármálaráðuneytinu, 9. desember 1998.*

**Geir H. Haarde.**

*Björn Hafsteinsson.*